


**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps**  
**Ársskýrsla stjórnar 2020**



## Skýslastjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Eiríkur J Kjerúlf formaður, Arnheiðarstöðum  
Einar Sveinn Friðriksson, gjaldkeri Valþjófsstöðum  
Anna Bryndís Tryggvadóttir, ritari Skriðuklaustur

Stjórnir sjóðsins funduðu 2 sinnum á árinu. Alls bárust 13 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 8.209.876 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 9.661.180 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn fær hærri styrk en kr 800.000. (9,8.% af úthlutun). Umsóknir undir 450.000 kr eru ekki skertar. Úthlutun styrkja er 4,7% til 9,8.% af úthlutu. Tekið skal fram að þessi vinnuregla gildir aðeins fyrir árið 2020. Að hverju sinni verður að haga úthlutun eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2020 varð kr. og skiptist sem hér segist:

|                          |                       |
|--------------------------|-----------------------|
| Landbótaframlög          | 7,231,580. kr         |
| Laun og launatengd gjöld | 89,861. kr            |
| Reikningsleg aðstoð      | 495,876. kr           |
| <u>Auglýsingar</u>       | <u>19,192. kr</u>     |
| <b>SAMTALS</b>           | <b>7,836,509. kr.</b> |

Þess má geta að sjóðurinn fékk endurgreiddann virðisaukaskatt að upphæð 119,011 kr. vegna bókhaldskostnaðar.

## Framkvæmdir 2020

### Eftirfarandi 13 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, og stöðvun gróðureyðingar og sandfoks. Svæðin eru hálsinn innan við Ranaskóg og eyrar á Gilsáreyri.
- Hrafnkelsstaðir. Áburðardreifing á blásna mela, rofabörð. Svæðin eru ofan við bæinn, Tófuaxlarháls, Lækjardalur, og inn með Gilsá og nágrenni, markmið styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.
- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan þjóðveggar. Áhersla lögð á svæðið í kringum Bolalæk og ofan túngirðingar. Einnig í milligirðingu upp af Árnasteini og á eldri áburðadreifingarsvæði. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið neðst í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, svæði í Melgræfum, inn í Teig. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands í beitarhólfi í neðsta hluta fjallsins.
- Melar. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf, melar, móar, urðir og börð í Melafjalli.
- Brekkuagerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli. Sömu svæði og undanfarin þrjú ár.
- Víðivallagerði. Svæðið sem um ræðir er inn og upp af Selinu, Selhlíð og Selbotnar.
- Skriðuklaustur. Endurbætur, áburðardreifing á skriðu í Klausturfjalli.
- Droplaugarstaðir.

Sömu svæði og unnið hefur verið á síðustu árum. Dreyfing á áburði og grasfræ á rofið land sem er að losa kolefni. Dreifing á lúpinufræi og heyi á mela.

-Brekka. Svæði í Bakkufjalli.

**Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:**

-Vallholt, 3 tonn af áburði borin á 25 ha.

-Hrafnkelsstaðir, 8,4 tonn af áburði borin á 40 ha.

-Arnheiðarstaðir, 6, tonn af áburði borin á 20 ha.

-Víðivellir Fremri, 4,2 tonn af áburði borin á 90 ha.

-Víðavallagerði, 2,4 tonn, 20 ha.

-Valþjófsstaður 2. 2,4 tonn af áburði borin á 40 ha.

-Bessastaðagerði, 7,2 tonn af áburði borin á 43 ha.

-Eyrarland, 6 tonn af áburði borin á 40 ha.

-Melar, 6, tonn af áburði borin á 25 ha.

-Skriðuklaustur, 0 tonn, 0 ha.

- Brekkugerði, 3,6 tonn af áburði borin á 30 ha.

-Droplaugarstaðir, 1,2 tonn áburður, 40kg grasfræ borin á 5 ha.

-Brekka, 7,2 tonn af áburði borin á 45 ha.

-Víðivellir ytri 1, 0 tonn af áburði borin á 0 ha.

Samtals var dreift rúmlega 57.6, tonnum af áburði, 40,kg grasfræ á 423, ha. lands. Öll svæðin eru undir 400 m.h.y.s..

# Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps

